



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08.10.2014
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, 53. mál.


Að beiðni nefndasviðs Alþingis sendir Landsvirkjun umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Frumvafið er eins og fram kemur í athugasemdum við það að mestu óbreytt frá frumvarpi því sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi. Frumvörp um sama efni voru jafnframt lögð fram á 140. og 141. löggjafarþingi.

Fram kemur í athugasemdum að lítilsháttar breyting hafi verið gerð frá frumvarpi því sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi á orðalagi er fjalla um geymslu koltvíoxíðs í jörðu. Landsvirkjun vill vekja athygli nefndarinnar á að þar er eins og víða í frumvarpinu gert ráð fyrir að ríkari kröfur verði settar í íslenska löggjöf en tilskipunin kveður á um, þar er í lið 3.11 lagt til að leiðslur sem eru lengri en 1 kílómetri og með þvermál yfir 500 mm falli í flokk A (ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum), en í tilskipuninni er miðað við 40 kílómetra og 800 mm. Landsvirkjun telur að þetta ákvæði eigi ekki við leiðslur til niðurdælingar á koltvíoxíði frá jarðvarmaorkuverum en telur eigi að síður ekki ástæðu til að setja hér þrengri mörk en gerð eru í tilskipuninni, nema það sé rökstutt.

Samorka hefur sent umsögn dags. 3. október 2014 um frumvarpið og tekur Landsvirkjun undir þær athugasemdir sem þar eru gerðar.

Virðingarfyllst


Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri